

Nd.

88. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga í réttu hlutfalli við innborguð félagsmannagjöld þeirra á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um lestrarfélög og kennslukvikmyndir er ákveðið, að styrkur til lestrarfélaga megi ekki vera hærri en 2 kr. fyrir hvern félagsmann. Vegna verðlagsbreytinga getur þetta ákvæði nú eigi staðizt, og þykir rétt að fella það niður.